

Stjórnarfundur Leiknar 9. desember 2014 kl. 9.15-11.30 í Ofanleiti 2, Reykjavík

Mættir: Eyrún Valsdóttir frá Félagsmálaskóla alþýðu, Guðrún Lárusdóttir frá Endurmenntun Landbúnaðarháskólans, Hildur Betty Kristjánsdóttir frá Símei, Hulda Anna Arnljótsdóttir frá Fræðslusetinu Starfsmennt, Smári Haraldsson frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Guðrún Vala Elísdóttir frá Símenntun Vesturlands og Sólveig Hildur Björnsdóttir frá Framvegis.

Dagskrá:

1. Almennar umræður um fyrirkomulag náms í fullorðinsfræðslu
2. Umræður og endurskoðun á lögum Leiknar
3. Stefnumótunarvinna Leiknar
4. Önnur mál

1) Almennar umræður um fyrirkomulag náms í fullorðinsfræðslu

Þar sem formaður tafðist var ákveðið að ræða horfur í fullorðinsfræðslu og hvað væri nýtt að koma inn. Fundarmenn töldu mikilvægt að fylgja eftir þeirri hröðu þróun sem er að verða á því hvernig við lærum með tilkomu netsins og ýmis formaðs og óformaðs náms. Þar liggja mörg tækifæri að stilla því námi upp þannig að það fái metið og verði sýnilegt. Margir óska eftir stuttum og snörpum innlögnum, speglaðri kennslu og blönduðu námi þar sem ýmsum aðferðum er beitt, og kennslustofan ekki miðja námsins. Ákveðið að halda áfram þessum þælingum síðar.

2) Umræðu um og endurskoðun laga/stjórnarsamþykktu Leiknar

Fyrir fundinum lágu ýmis gögn um hvort og hvernig við ættum að vinna að lagabreytingum. Stjórn þarf að taka afstöðu til hvort breyta eigi almanaksárinu í bókhaldi í samræmi við starfsárið og miða reikninga félagsins við ákveðna dagsetningu að vori. Tillaga að slíkri lagabreytingu á samþykktum Leiknar var samþykkt á aðalfundi sl. vor. Fundarmenn voru almennt sammála því að leggja þannig breytingu fyrir næsta aðalfund og var Hildi Betty falið að endursemjja greinina og leggja aftur fyrir stjórnarfund. Samþykktir Leiknar voru rýndar og m.a. var skoðað:

2. grein: skoða tengsl varnarþings og lögheimilis. Sólveig ætlar að kanna hjá lögfróðum.
3. gr. Breyttum orðalagi um tilgang og hlutverk og markmið og það verður skoðað í heild á næsta fundi.
4. gr. Farið var yfir markmiðin og rætt hvernig við séum að uppfylla þau. Hvað getum við gert til að vera í forystu? Rætt um ýmsar útfærslur sem Hildur Betty setti í skjalið.
6. grein: Hvernig víkkum við aðildina út? Við viljum vera samtök allra sem eru í fullorðinsfræðslu á landinu. Ákveðið að ræða hugmyndina inn á aðalfundi til að þroska umræðuna og átta sig á landslaginu. Ef við víkkum út starfseminu og opnum fyrir aðild fleiri þurfum við þá að skilyrða samsetningu í stjórn og tilgreina fulltrúa úr ólíkum geirum.- til að gæta jafnræðis? Setja inn hlutverk og kvaðir á stjórnarmenn? Margt sem þarf að ræða.

Ákveðið að skoða betur hvað non-profit stendur fyrir, af hverju ekki ævinámshugtakið í stað fullorðinsfræðslu? Einnig að hvort einhver áhætta fylgi því að opna aðild fyrir alla í símenntunargeiranum. Er nauðsynlegt að breyta lögunum til að ná inn fleiri aðilum? Orðalag laganna nær alveg yfir fræðslueiningar stofnana og fyrirtækja. Mikill áhugi á að ná til fræðslueininga 3ja geirans. Ná inn aftur endurmenntunardeildum háskólanna og þeim fræðslueiningum sem sögðu sig úr samtökunum á árum áður.

Með það í huga að vikka út starfsemina þarf að ræða og skilgreina hagsmuni hverra og hvaða. Hvar er samkeppni um fjármagn og skiptir það máli? Leikn á að vera með faglegar áherslur og vettvangur skoðanaskipta og miðlunar. Gurra var búin að taka saman lista um fræðsluaðila í 3ja geiranum. Fundarmenn áhugasamir um að ná til 3ja geirans og bjóða aðild. Gurra ætlar að fríska upp á skjalið og svo verður skoðað á nýju ári að bjóða þeim á fund til okkar og bjóða þeim. Byrja smátt og fylgja þróuninni eftir.

Rætt var um ósýnileika Leiknar innan Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Leikn á ekki fulltrúa í nefndum og starfshópum innan MRN, sem eru þó nokkrir að störfum. Leikn datt út þegar lög um framhaldsfræðslu voru sett og ráðuneytið taldi sér bara skylt að vinna með Kvasir. Við þurfum að komast að borðinu hjá MRN því miklar breytingar eru framundan í fullorðinsfræðslu, óformlegu námi, vinnustaðanámi og allt þetta þarf að meta og viðurkenna. Framhaldsfræðslulögin eru of þröng og undanskilja tækifærin og þróunina á þessum vettvangi.

Rætt um samvinnu og samruna Leiknar og Kvasir og hvernig sú mynd gæti litið út. Leikn á að vera meira út á við en Kvasir er meira inná við með sína samninga við ráðuneytið. Skiptar skoðanir um sameiningu. Mikil gerjun í gangi og ákveðið að halda áfram að efla Leikn með því að fá fleiri inn, verða sterkari og ná aftur eyrum ráðuneytis. Ákveðið að formaður skrifi bréf til ráðuneytisins til að koma Leikn að í vinnu starfshóps um endurskoðun framhaldsfræðslu og fullorðinsfræðslu.

3) Stefnumótunarvinna Leiknar

Teknar voru upp niðurstöður úr stefnumótunarvinnu frá árinu 2013 og ákveðið að vinna betur úr niðurstöðunum. Það verður tekið fyrir á næstu fundum.

4) Önnur mál

Rætt um leiðir til að kynna efni í fullorðinsfræðslu. Er það hlutverk Leiknar að vera sýnilegt? Eigum við ekki frekar að vera til staðar fyrir félagsmenn? Hugmynd að halda ráðstefnu um t.d. hæfnirammann og þróva vettvanginn til að tala saman t.d. með fjarfræðsluerindum, fundum, á netinu og á samfélagsmiðlum. Hvernig þjónustum við félagsmenn sem best? Næsti fundur var ekki ákveðinn en Eyrún ætlar að lista upp verkefni sem urðu til á þessum fundi og dreifa til stjórnarmanna.

Fundi slitið kl. 11.30
Hulda A. Arnljótsdóttir